

KRISTÍN STEINSDÓTTIR

RITÞING

12. OKTÓBER 2013



Kristín Steinsdóttir

Ritþing | 12. október 2013

Kristín Steinsdóttir

Þann 12. október 2013 sat Kristín Steinsdóttir fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og í hlutverki spyrna voru Katrín Jakobsdóttir og Sigrún Valbergdóttir.

Aðalsteinn:

Komið þið sæl, góðir gestir, og velkomin í Gerðuberg á Ritþing Kristínar Steinsdóttur. Aðalsteinn Ásberg heiti ég og ætla að halda hér um stjórntaumana í dag. Mér á vinstri hönd situr Kristín Steinsdóttir sjálf, eigum við ekki að gefa henni gott klapp?

Ásamt mér eru spyrjar, það eru Katrín Jakobsdóttir íslenskufræðingur og Sigrún Valbergdóttir leikstjóri. Við fáum svo inn á milli atriða Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, leikkonu og söngkonu, til þess að lyfta okkur aðeins upp. Ég kynni hana aðeins betur til leiks á eftir.

Aðeins nokkur orð um Kristínu Steinsdóttur. Hún er fædd á Seyðisfirði í marsmánuði 1946 og þar ólst hún upp. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands. Svo bjó hún lengi erlendis, menntaði sig enn betur og þá í tungumálum; dönsku og þýsku, og svo lauk hún leiðsögumannsprófi seinna. Í tvo áratugi var hún búsett á Akranesi en flutti svo til Reykjavíkur þar sem hún býr og starfar núna.

Kristín kenndi lengi vel framan af starfsævinni en svo sneri hún sér alfarið að ritstörfum. Hún kom seint fram en hefur verið mjög ötul síðan hún kom opinberlega fram sem rithöfundur. Hún hefur skrifað hátt í 30 bækur fyrir yngri lesendur, skrifað fjöldann allan af leikritum, flest í samvinnu við löunni systur sína, og svo núna á síðasta áratug hefur hún einbeitt sér meira að bókum fyrir fullorðna.

Allt þetta skýrist betur í dagskránni okkar. Við förum svona fram og til baka í höfundarverki Kristínar og spyrjum hana um hitt og þetta. En fyrsta spurningin mín, sem ég ætla að beina til hennar er þessi: Hvenær byrjaðir þú að skrifa?

Erfiðast að takmarka sig

Kristín:

Ég byrjaði mjög snemma að semja sem barn, fyrir sjálfa mig, ég var að segja mér sögur og búa til sögur, mjög lítil. En ég held að ég hafi fyrst skrifað eitthvað á blað þegar ég var 11 eða 12 ára. Þá var ég með vinkonu minni og það var svona skólaskemmtun í skólanum heima á Seyðisfirði. Við hljótum að hafa verið í einhverri skemmtinefnd, ég veit það ekki lengur, en við vissum ekki hvað við áttum að troða upp með og ákváðum bara að búa til leikrit sjálfar. Við settumst niður eina kvöldstund, skemmtum okkur alveg ofboðslega vel og skrifuðum leikrit um alla sem voru í tveimur bekkjum. Hún var ári eldri en ég, Guðfinna Gunnþórsdóttir heitir hún og var ábyggilega í fyrsta bekk í gaggó og ég að taka barnaskólapróf. Og við bjuggum þarna til leikrit og létum menn giftast vinstri, hægri, svona innbyrðis, og sumir urðu svona og aðrir urðu hinsegin og þetta var svona framtíðarsýn. Og þetta sló þvívíkt í gegn! Við vorum svo góðar með okkur á eftir og þá einhvern veginn datt mér allt í einu í hug að það gæti verið gaman að semja, ekki bara eitthvað inni í hausnum á mér heldur að setja eitthvað niður á blað. En þetta var hvergi prentað, þetta var bara leikið og var bara alveg rosalega flott.

Aðalsteinn:

En svo líða 30 ár og þá ryðstu fram með fyrstu verkin þín og með

offorsi; þú færð verðlaun fyrir fyrstu bókina þína.

Katrín:

Já, þú færð verðlaun fyrir *Franskbrauð með sultu* sem er fyrsta barnabókin og reyndar er dálítið gaman að heyra þessa sögu um þetta leikverk sem lifir í munnlegri geymd. Stundum er það svo að bestu verkin eru ekki endilega útgefin.

Það er svo skemmtilegt, þegar maður endurles bækur þínar, þegar maður les höfundarverkið í heild, þá sér maður svo mikla breidd. Það er allt frá mjög raunsæjum proskasögum, þar sem þú ert að fást við háalvarleg málefni, síðan ertu að dufla við þjóðtrúna og handanheiminn líka. Það er mikill misskilningur að það hafi byrjað með Harry Potter! Svo auðvitað ferðu alveg út í farsa og glens í draugasögunum þínum ágætu.

En fyrstu bækurnar þínar, þrileikurinn *Franskbrauð með sultu*, *Fallin spýta* og *Stjörnur og strákapör*, fjalla um Lillu, mjög sjálfstæða unga dömu sem er send austur á firði. Auðvitað dettur manni í hug, þó að ég sé ekki hlynnt því að lesa alltaf mikið í ævi höfundar, að þú sért nú aðeins að fást við eigin lífsreynslu eða svona eigið samfélag sem þú þekkir, í bókunum um Lillu. Hvað veldur því að þú ferð að skrifa fyrir börn og um börn?

Kristín:

Já, það var ýmislegt sem olli því. Við vorum alin upp við svo mikla sagnahefð heima. Mamma var alltaf að segja sögur og það var svo stór hluti af okkur. Svo kom ég heim frá Þýskalandi, upp á Skaga, og fór að kenna þar. Iðunn systir mín var þá byrjuð að skrifa, var að gefa út bók og var alltaf að hvetja mig: Krilla, þú getur þetta alveg ef ég get þetta! Af hverju skrifaðu ekki eitthvað? Upp úr því fórum við systurnar að skrifa saman leikritin. En að setjast niður og skrifa fullorðinsbók, það kom aldrei upp, ekki fyrr en mörgum árum seinna. Þannig að þegar ég fór að skrifa bók þá kom það algjörlega af sjálfu sér að það væri barnabók.

Og auðvitað, eins og ég hef sagt, ég hef oft hitt krakka sem eru að byrja að skrifa og ég hef ráðlagt þeim að skrifa um eitthvað sem þeir

þekkja sjálfir, svona í byrjun. Það skiptir ógurlega miklu máli að fara ekki strax út í eitthvað avanserað, að vera ekki að setja upp einhvern heim sem maður ætlar að reyna að máta sig inn í og passar svo ekki inn í og dettur bara á rassinn. Maður þarf að skrifa um eitthvað sem maður þekkir. Ég þekkti lífið fyrir austan svo gjörsamlega að ég bara skrúfaði frá krana og þá kom þetta af sjálfu sér! Og það var alveg óhemju gaman og það var erfiðast að takmarka sig, af því mig langaði að skrifa um allt.

Ég hef oft verið spurð: Hver ert þú, af þessum þremur stelpum, Lillu, Kötlu og Möggu? Og ég svara því til: Ég er allar og engin. Því ég tek frá sjálfri mér inn í þær allar og svo er ég með vinkonur mínar, svo er ég með þennan og hinn. Þannig að, ef þið eruð að hugsa um að byrja að skrifa hérna í salnum, takið þá eitthvað sem þið þekkið!

Brúarsmið milli heima

Katrín:

En svo má sjá höfundarverkið þróast og mig langar að nefna eina alveg frábæra bók, *Kleinur og karrý*. Þegar ég las hana aftur þá áttaði ég mig á því hversu frábær bók þetta var. Hún gerist á Akranesi og fjallar um ungan dreng sem hefur misst móður sína, sem er nú minni sem við eigum eftir að koma að hér á eftir og sem birtist í fleiri bókum. Því er lýst í bókinni þegar indversk fjölskylda kemur til Akraness og hvernig henni gengur að aðlagast aðstæðum þar og hvernig bæjarbúar taka þessari fjölskyldu. Mér finnst nánast eins og Kristín hafi verið forspá því á þessum tíma eru palestínsku konurnar ekki komnar til Akraness. Hvað veldur því að þú tekur upp þetta þema? Er þetta brúarsmið milli heima?

Kristín:

Já, þarna er brúarsmiðurinn kominn eina ferðina enn. Ég fór til Indlands, ásamt lóunni, á IBBY þing í Delí árið 1998 og ég varð ansi heltekin þar. Þetta var einhvern veginn alveg nýtt samfélag fyrir mér og ég fór heim með svo mikið sem ég þurfti að vinna úr. Þá fór ég heim til Noregs, því þá áttum við heima í Prándheimi, og þar var ég með hæfilega fjarlægð

á Skagann. Þá sá ég Skagann langt í burtu og Indland ennþá lengra í burtu. Svo sorteraði ég úr þarna í Prándheimi. Það fannst mér mjög gott. Að fá svona mikla fjarlægð á samfélagið heima og um leið að taka Indland inn, þá menningu og láta hana einmitt koma hingað til okkar. Og ég var auðvitað búin að upplifa það áður, það höfðu komið hingað flóttamenn áður, við komum kannski að því seinna. Þannig að þetta var ekki alveg nýtt fyrir mér en mig langaði svo til að sýna einmitt svart á hvítu hvernig það væri fyrir þá að koma hingað. Og mér fannst bara þarft að skrifa þessa bók, fyrir nú utan það að mér fannst það afskaplega skemmtilegt því þarna var svo margt að breytast.

Ég fékk líka fallega káputeikningu; Áslaug Jónsdóttir teiknaði hana. Það var ógurlega mikið hark í káputeikningunum framan af. Það var ekkert sjálfgefið að maður fengi góðar kápur, þaðan af síður að maður fengi myndir inn í bækurnar. Það hefur gerst óhemju mikið í sambandi við það, í barnabókaútgáfu. Þetta var fallegur pappír og vandað til alls og hver kafli fékk að byrja á fallegri vinjettu. Þetta var eitthvað svo alvöru.

Katrín:

Það sem mér finnst eiginlega tengja þessar persónur í bókinni, indverskar og íslenskar, er síðan hvað einmanaleikinn getur verið mikill. Það finnst mér einhvern veginn svo falleg brúarsmið, að það skipti máli hvernig við tengjum við annað fólk, óháð því hvers þjóðernis það er.

Sigrún:

Eitt sem væri gaman að bæta við í þessu sambandi; það er svo rík áhersla lögð á fegurðina sem er í kringum þessa indversku fjölskyldu, í kringum hennar siði, klæðnað, mat. Það er allt gert á svo fallegan máta og þetta finnst mér vera svona til að sýna okkur að við erum ekki bara gefendur; við erum líka þiggjendur þegar við tökum á móti nýju fólk.

Katrín:

Og svo uppgötvar maður svo oft eitthvað um sjálfan sig þegar maður les. Það er til dæmis persóna í bókinni sem er frænka hans Bjössa, aðalpersónunnar, hún Úlfhildur frænka. Hún er alltaf að drífa sig! Hún virkar alveg ferlega leiðinleg í bókinni og er alltaf að segja: Við verðum að drífa okkur! Og hann spyr alltaf: Af hverju verðum við að drífa

okkur? Og svo hlusta ég á sjálfa mig tala við börnin mín og segja: Við verðum að drífa okkur! Og ég hugsá: Guð minn góður, ég ætla ekki að enda eins og Úlfhildur! Þannig að maður getur alltaf lært eitthvað af bókunum hennar Kristínar.

Kristín:

Þetta þykir mér mjög vænt um að heyra. Ég vona samt að það virki ekki eins og predikunartónn, því ég hata predikunartón. En þetta heyrði ég einmitt svo oft þegar mínir krakkar voru litlir og krakkarnir í kringum þá, að menn voru alltaf að drífa sig. Og þetta var ekkert vel séð og ég alveg bólusettist gegn þessu. Við eigum ekki alltaf að vera að drífa okkur. Við eigum stundum bara að fara niður í fjöru og njóta þess að horfa á fuglana og spila á fiðlu og ímynda okkur að við heyrum í þorskunum í sjónum. En það kemur fyrir í fleiri bókum að krakkarnir eru að ergja sig á því að þeir þurfi alltaf að vera að drífa sig. Og ég held að íslenskt þjóðfélag ætti bara aðeins að staldra við og vera ekki alltaf að drífa sig!

Franskbrauð með sultu

Aðalsteinn:

En eigum við kannski að drífa hana Kötlu Margréti hingað og fá hana til að lesa fyrir okkur?

Kristín:

Já, reynum að drífa okkur soldið!

Aðalsteinn:

Við fáum hana Kötlu til að lesa stuttan kafla úr *Franskbrauð með sultu*, sem lagði nú soldið línurnar.

Katla:

Ég ætla að lesa herna fjórða kafla sem heitir „Kata í Tanga“.

*„Rosalega varð Dóri hissa. Hann vissi ekkert í sinn haus,“
flissaði Lilla.*

„Og svo komst þú með naglaspýtuna á lofti. Hann var alveg grænn í framan!“ hló Magga.

„Ég vildi að ég hefði verið með,“ sagði Kata stúrin.

Hún var rauðhærð feitlagin stelpa og var með freknur og fléttur eins og Magga.

Þær sátu í kringum eldhúsbordið hjá Kötu og drukku kakó sem mamma hennar hafði gefið þeim. Ofan í kakóið dýfðu þær matarkexi sem þær stungu upp í sig með teskeið þegar það var orðið hæfilega lint.

„Uss, við förum bara aftur heim til ömmu og þú kemur með. Ég er ekkert hrædd við þennan bjálfa. Strákarnir á Skólavörðuholtinu eru miklu verri,“ sagði Lilla borginmannlega.

„Er ekki ægilega gaman að eiga heima í Reykjavík? Ég hef aldrei komið þangað,“ sagði Kata dreymandi.

„Jú, það er svo sem ágætt þegar maður fær að fara í Tívolí og þrjúbíó á sunnudögum en leiðinlegt að passa tvíburana og sendast fyrir mömmu, þegar hún er að setja permanent í konur.“

„Það er líka bío hérna. Stundum er Tarzan,“ sagði Magga áköf.

„Tarzan er sætur!“, sagði Kata dreymandi.

Tarsan er ekki sætur bjáninn þinn. Það er leikarinn sem er sætur!“ sagði Magga stríðin. Kata roðnaði.

„Rosalega finnst mér Dóri á Her vera ljótur,“ sagði Lilla.

„Já, hann er eins og gamall hestur í framan,“ sagði Magga.

„Hann er líka hross!“ fullyrti Kata.

„Það er engin stelpa skotin í svona hrossi!“ flissaði Lilla.

Svona sátu þær og skeggræddu í hlýjunni í eldhúsinu á meðan regnið lamdi eldhúsgluggann og Aðalheiður, mamma Kötu, hnoðaði brauð.

Pabbi Kötu var barnakennari og vann í Síldarbræðslunni á sumrin. Kata var yngst af systkinunum. Hún átti þrjú eldri systkini sem öll fóru í Menntaskóla á veturna. Kata ætlaði ekki í skóla. Hún ætlaði að vera fræg kvikmyndastjarna.

Uppi á lofti í Tanga var herbergi sem kallað var Gullaherbergið af því að barnagullin voru geymd þar. Í þessu herbergi voru öll leikföng sem til voru í húsinu.

Í Gullaherberginu opnaði Kata litlar kompudyr og spurði:

„Viltu sjá leyndarmálastaðinn okkar?“

Þær skriðu inn í myrkrið. Þarna var þröngt því kompan var undir súð og ekki hægt að standa uppréttur. Loftið var mettað af ryki og lykt af gömlum pappír. Margir árgangar af Þjóðviljanum stóðu í stöflum upp í súðina. Við hliðina á blaðabunkanum stóð gamall rokkur. Ljósrónd lagði inn í kompuna meðfram dyrunum.

„Hér heyrir enginn til okkar, við getum sagt allt,“ sagði Kata alvarleg.

„Björn frændi segir að það sé fjársjóður í hermannabyrginu,“ sagði Magga dularfull.

„Pabbi segir að það sé bara vitleysa. Hann segir að hermennirnir hafi ekkert átt nema sígarettur sem þeir reyktu og tyggjóid sem þeir tuggðu. Þeir hafi ekki skilið neinn fjársjóð eftir,“ sagði Kata ákveðin.

„Við skulum samt fylgjast með byrginu, það gæti eitthvað gerst ...“ sagði Magga.

„Ætli það séu draugar í þessu hermannabyrgi?“ spurði Lilla.

„Nei, ábyggilega ekki, það dó enginn þar,“ sagði Magga.

„En það eru draugar í Apótekinu.“ Kötur var mikið niðri fyrir.

„Frænka hennar Önnu í Apótekinu kom einu sinni í heimsókn og fékk að sofa í stofunni. Alla nóttina voru húsgögn færð til, og henni kom ekki dúr á auga. Það var bilaði brytinn sem var að leita að hjartatöflunum sínum. Frænkan var svo hrædd að hún fór til prestsins. Hún sagði honum alla söguna. Presturinn skrökvar aldrei.“ Kata dæsti ábúðarfull.

„Bilaði brytinn,“ hváði Lilla. „Af hverju var hann bilaður?“

„Æ, hann var eitthvað bilaður í hjartanu,“ svaraði Magga.

„Hann dó í gamla daga þegar apótekarinn lét hann fá vitlausar töflur, bætti Kata við.

Það fór hrollur um Lillu. Svona héldu þær áfram. Tíminn flaug og þær rönkuðu ekki við sér fyrr en Aðalheiður kallaði í þær. Amma Lillu var komin til að sækja hana í kvöldmat.

„Ég vil ekki eiga á hættu að þú lendir í slagsmálum við hann Dóra á Her,“ sagði amma um leið og hún renndi upp úlpunni á Lillu.

„Ég er með svo góða spýtu amma, hann er dauðhræddur við mig,“ sagði Lilla rogginn.

Fyrir utan Tanga rákust þær á barnakennarann sem var að koma af dagvakt í Síldarbræðslunni.

„Er það sem mér sýnist að dóttir hans Stefáns míns hafi verið í heimsókn. Ef öll börn og unglingar væru eins og hann pabbi þinn var, þá væri ekki þreytandi að vera kennari.“ Hann heilsaði Lillu hjartanlega og brosti út að eyrum. Hann var lágvaxinn maður, næstum því alveg sköllóttur.

Tangi stóð fremst á Langatanga sem var umgirtur sjó á þrjá vegu. Leiðin upp í bæ lá framhjá Hernum. Á heimleiðinni leiddi amma Lillu og Möggu sína við hvora hönd og hinn óttalegi Dóri lét ekki sjá sig. Lilla hélt samt til öryggis á naglaspýttunni í hinni hendinni.

Um kvöldið sátu þau í kringum borðið í hlýju eldhúsinu. Regnið lamdi gluggann. Afi var að kenna Lillu að leggja kapal.

„Rækalls svinið vill ekki ganga upp,“ blés afi.

„Við verðum að hjálpa honum svolítið.“

„Það er bannað að hafa rangt við í spilum, Þorfinnur. Þú veist það!“ Amma var ströng á svip.

„Hver var að tala um að hafa rangt við, góða mín. Við Guðbjörg mín lögum hann svolítið til. Það er allt og sumt,“ sagði afi brosleitur.

„Af hverju er pabbi Kötlu að vinna í Síldarbræðslunni á sumrin fyrst hann er kennari?“ spurði Lilla allt í einu.

„Það er svo dýrt að senda börnin sín burtu í skóla,“ svaraði amma upp úr þrjónunum.

„Af hverju fara þau þá ekki í skóla hér?“

„Hér eru engir framhaldsskólar. Allir sem vilja læra eitthvað meira verða að fara í burtu og það er dýrt,“ sagði afi.

„Þegar pabbi fór í skóla, fórst þú þá í Síldarbræðsluna, afi?“

„Ég man það ekki lengur,“ sagði afi og fletti spilabunkanum. „Sjálfsagt hef ég lagt eitthvað á mig til þess að hjálpa honum pabba þínum. Svo var hann bara einn en Jónas barnakennari er með fjögur börn.“

„Þú þarft ekki að hjálpa mér, afi minn. Ég ætla nefnilega að hætta í skóla, gifta mig og verða fín kona,“ sagði Lilla og brosti kankvís til afa síns yfir spilin.

Gólandi femínistar

Aðalsteinn:

Takk fyrir þetta, Katla. Við gætum dvalið við barnabækurnar og haldið áfram að fjalla um þær í tvo, þrjú tíma en nú ætlum við að sveifla okkur aðeins yfir í leikritin. Þú varst nefnilega búin að skrifa kassastykki, með henni lðunni systur þinni, áður en þessi bók kom út.

Sigrún:

Við erum semsagt stödd þarna um miðjan níunda áratuginn og þarna er höfundur sem bara stekkur þarna fram með *Franskbrauð með sultu* og á sama tíma geysist hann fram í sviðsljósið sem leikritahöfundur og í góðri fylgd skemmtilegrar og skapandi systur. Og þetta er svolítið sérstakt vegna þess að þarna verða til mörg leikrit. Þetta er heill áratugur sem þær eru að skrifa saman verk og þær byrja með stæl. Það er byrjað á heils-kvölds-leikriti; söngleik með 20 manns á sviði og það er búinn til heill heimur, heimur sem fólk þekkir og er fullur af örlagasögum. Þetta er kannski svona svolítið smækkuð mynd af Íslandi, þetta er „gróðærisheimur“ sem allt í einu verður til. Ekki fullur af gulli, heldur silfri hafsins sem syndir nánast á land. Og þær endurskapa þennan heim af mikilli þekkingu og þetta er náttúrlega sigurganga. Það er auglýst samkeppni og þessar konur, sem eru báðar mæður og kennarar með ung börn, senda inn þrjú leikrit! Enginn spyr karlmenn nokkurn tímann: Hvernig farið þið að því að gera þetta allt saman? Og að sjálfsögðu vinna þær þessa keppni, lenda í fyrsta sæti, það er engin spurning um það. Og þessi leikrit hafa síðan verið leikin áfram. Það er leikritið *19. júní* sem fær fyrstu verðlaun, hin eru *Fugl í búri* og *Enginn skaði skeður*, sem eru svolítið af öðrum toga. Öll eru þessi leikrit mjög ólík.

Nú liggur náttúrlega beint við að spyrja næstu spurningar. Fleiri systkini hafa unnið svona saman, til dæmis bræðurnir Jónas og Jón Múli. En Jónas kvartaði stundum yfir Jóni Múla, sagði að hann væri svo frekur, að hann vildi ráða öllu. Hvernig var þetta hjá ykkur?

Kristín:

Já, nú er komið að stóru spurningunum! lðunn, eigum við að segja að við höfum slegist? Nei, það held ég ekki. Ég veit eiginlega ekki

hvort ég á að segja það vegna þess að það hljómar svolítið banalt; við gerðum þetta til að skemmta okkur. Ég bjó á Akranesi, lðunn bjó í Reykjavík. Hún var að kenna, ég var að kenna. Ég var með yngri börn en hún en báðar höfðum við nóg að gera. Ég skil þetta náttúrliga alls ekki núna en við höfðum mikinn kraft og okkur langaði alltaf til að vera meira saman. Kannski hefðum við ekki gert þetta ef ég hefði líka búið í Reykjavík, ég veit það ekki. Við vorum alltaf að finna ástæður fyrir því að hittast. Sennilega var það bara lánið mitt að ég bjó upp á Skaga, eða okkar beggja. Því við skeggræddum endalaust í símann hvernig við ætluðum að hafa þetta. Við höfðum náttúrliga Jónas og Jón Múla að leiðarljósi; fyrst þeir gátu þetta, þá hlutum við að geta þetta líka! Og svo fórum við kannski í sumarbústað einhvers staðar og vorum þar í viku. Og unnum alveg eins og berserkir frá morgni til kvölds og komum náttúrliga alveg útkeyrðar heim, eins og undnir sokkar. En alltaf náðum við góðri spyrnu. Svo unnum við náttúrliga úr því heima, hvor um sig, það voru ekki bara teknar spyrnur endrum og sinnum. En okkur fannst þetta svo skemmtilegt. Og við vorum alltaf með svo mikið af hugmyndum sem okkur langaði til að koma á blað og það var svo margt sem okkur langaði til að segja. En númer eitt, tvö og þrjú vorum við reknar áfram af því að hittast og skemmta okkur. Okkur langaði til að skemmta okkur og við skemmtum okkur alveg ofboðslega vel við skriffin.

Sigrún:

Var aldrei slagur um hugmyndirnar, af því nú fáid þið alltaf svo mikið af hugmyndum?

Kristín:

Nei, við höfum aldrei slegist, aldrei. Og við sláumst áreiðanlega ekki úr þessu! En við vorum kannski ekki alltaf alveg sammála og þá bara ræddum við það. Við fundum alltaf lausn. Það var aldrei þannig að önnur segði: Þetta verður svona. Ef ég vildi þetta og lðunn vildi eitthvað annað, þá fundum við bara einhverja millilausn. Og svo var ákveðin verkaskipting. lðunn var til dæmis með alla texta í leikritunum okkar, því hún er ákaflega dugleg að setja saman vísur og kvæði. Þar er hún algjör ofjarl minn og ég reyndi ekki að standa í henni, ég gerði þá bara eitthvað annað. Og það var alltaf svo gott. Ég minnst þess ekki að við kæmum einhvern tímann móðar úr einhverjum slag. Þá

hefðum við heldur ekkert verið að þessu, þá hefðum við bara hætt.

Katrín:

En þetta eru samt háalvarleg viðfangsefni sem þið eruð að fást við, eins og í 19. júní. Auðvitað er þetta mjög myndið á köflum en þetta eru samt háalvarleg viðfangsefni.

Kristín:

Þetta brann svo á okkur.

Katrín:

Já, þið hafið verið alveg gólandi femínistar og eruð það auðvitað ennþá!

Kristín:

Við vorum alveg gólandi femínistar og erum það ennþá. Við þurftum að koma þessu frá okkur og miklu meiru, sko! Við fórum af stað með *Síldin kemur og síldin fer* en svo tóku við alvarlegri verk eins og til dæmis 19. júní og *Enginn skaði skeður*, þar vorum við að taka á mjög alvarlegum hlutum. Það var bara af því að við þurftum að koma því frá okkur.

Sigrún:

Já, þetta er sjónarhorn kvenna mikið og það eru alls konar konur þarna, bæði þær sem eru að vakna og hinar. Meirihlutinn talar máli þeirra sem er ekki vaknaður og það eru ekkert endilega bara konurnar gagnvart körlunum. Það eru líka konur versus aðrar konur sem hafa aðra skoðun á tilverunni. Og svo eru það kynslóðirnar. Eins og til dæmis í leikritinu *Fugl í búri*, þá er það þessi kynslóð um sextugt sem er að möndla með það hvernig hún eigi að skipta á milli sín næstu kynslóð fyrir ofan. Hvernig hún eigi að hafa ofan af fyrir henni. En sú kynslóð kærir sig kannski ekkert um að láta hafa svona mikið ofan af fyrir sér. Hún er alveg fullfær um það sjálf og vill kannski losna undan þessu oki næstu kynslóðar á eftir.

En má kannski spyrja hvort þú þekkir einhver svona mismunandi viðbrögð karla eða kvenna við þessum verkum?

Kristín:

Já, það er nú svo með verkin að maður heyrir yfirleitt mest í þeim sem eru ánægðir með þau. Hvort sem það eru bækur eða annað. Ég gleðst auðvitað þegar ég fæ svona ógurlega góð viðbrögð við bókunum mínum. Þær hafa margar fengið mjög góð viðbrögð en ég veit ekkert hvað hinir hugsa því þeir segja mér það ekki. Þeir, sem finnst það lélegt, skiljið þið! Það er ekki endilega þannig að allir séu sáttir, sumir bara kunna sig og segja ekki: Ferlega var þetta lélegt hjá þér! Auðvitað veit ég að það fannst mörgum 19. júní vera óttaleg kvenremba. Sumir sem höfðu farið að sjá *Síldin kemur og síldin fer* og fundist það alveg frábært, drifu sig að sjá 19. júní og fóru bara út með skottið á milli lappanna! Það voru dálítið mikið herra mennirnir. Enda þurftum við að koma ákveðnum hlutum frá okkur og vildum gera það og hittum í mark á mörgum stöðum en ekki öllum. En maður skrifar heldur ekki upp í munninn á fólkinu, maður skrifar af því maður vill koma einhverju frá sér sjálfur. Og þá verður maður bara að sitja uppi með það að sumir eru óánægðir og aðrir eru glaðir.

Sigrún:

Síldin er mjög merkileg samtímaheimild af því þið voruð að skrifa þetta út frá því sem þið höfðuð upplifað sjálfar. *Síldinni* var tekið fagnandi og kannski mest af þeirri kynslóð sem hafði akkúrat upplifað þetta sjálf. Og svo fór hún meira að segja til útlanda og var sett upp í Færeyjum. Ég held að Færeyingar hafi haldið að þið væruð færeyskar þegar þeir sáu verkið, þetta var eitthvað svo kunnuglegt sögusvið og kunnuglegur kosmos.

Katrín:

Og sígilt þema. Þótt þetta sé allt miklu léttara, þá er auðvitað verið að fást við stéttarbaráttuna og eitthvað sem allir þekkja. Þetta er sammannlegt.

Kristín:

Já, þetta er sammannlegt. Við vorum náttúrulega tíu daga í Færeyjum þegar hún var sett upp þar; þeir hafa kannski haldið að við værum orðnar færeyskar, ég veit það ekki.

Sigrún:

Þið voruð líka svo ótrúlega duglegar að mæta alls staðar á frumsýningar. En á meðan leikritið var sýnt, bæði hringinn í kringum landið og í útlöndum, þá kom samt út ein barnabók á ári hjá hvorri ykkar!

Kristín:

Þetta er náttúrlega bilun!

Aðalsteinn:

Þetta skilur enginn. En 1999 þá var frumsýnt leikrit eftir ykkur lðunni á Akureyri sem heitir *Systur í syndinni*. Hún Katla ætlar að flytja okkur lag úr því leikriti. Leikstýrðir þú því ekki, Sigrún?

Sigrún:

Nei, ég hef leikstýrt nokkrum verkum eftir þær systur en ekki þessu leikriti. En það má kannski segja um þennan titil, *Systur í syndinni*, að hann á soldið við um þær sjálfar. Þær náttúrlega stálu þessum titli þannig að það var syndin sem þær drýgðu! Þetta er titill á frásögn í *Íslensku mannlífi* eftir Jón Helgason en leikritið byggir að hluta til á sömu persónum og sagt er frá í þeirri frásögn.

Leikritið er um fjórar tómtúsakonur sem búa við ömurlegar aðstæður í Reykjavík á seinni hluta 19. aldar og þar er mikil örbirgð, húsnæðisskortur og matarskortur. Af tilviljun villast þær inn í sjúkrahús í Laugarnesi sem er í raun og veru í sóttkví því þar hafa verið bólusóttarsjúklingar. Þar komast þær yfir frábærlega fallega koppa og góðar sængur. Í framhaldinu upphefst blómleg skiptiverslun í Reykjavík. En þær láta nú ekki staðar numið við það sem þær fá úr sjúkrahúsinu heldur er farið að kraka eitt og annað út úr hjöllum góðborgaranna. Bara stolið frá þessum ríku, sko! Svo upphefst þessi skiptiverslun í bænum þar sem það er jafnvel þannig að einhver frúin endar á því að kaupa sína eigin skyrtu sem hefur verið stolið frá henni úr hjallanum nóttina áður. Og svo heldur maður með glæpakvendunum allan tímann, sérstaklega þegar þær komast undan til Ameríku, eftir að búið er að dæma þær. En er þetta ekki eins konar búshaldabylting?

Kristín:

Jú, ég er ekki frá því. Þetta var náttúrlega ofboðslega gaman. Þetta

var sýnt á Akureyri, Kolbrún Halldórsdóttir setti leikritið upp og Katla Margrét lék. Mjög skemmtileg sýning, alveg dúndur sýning, en ég var alltaf ósátt við að hún skyldi ekki hafa komið upp í Reykjavík af því að þetta voru vatnspóstarnir hérna niðri í bæ og þvottakonurnar sem voru inni í Laugarnesi. Þetta leikrit er eitthvað sem hefði átt að koma upp í Reykjavík.

Katrín:

Á það ekki bara eftir að koma?

Aðalsteinn:

Þetta hljómar núna af lýsingunni eins og þetta sé glæpatryllir?

Kristín:

En er það ekki bara akkúrat það sem menn vilja í dag, glæpatrylli? Við skulum bara vona að það séu áhrínisorð og að þetta leikrit eigi eftir að koma upp hér.

Aðalsteinn:

En Katla, þú ætlar að segja okkur frá laginu?

Katla:

Já, þetta er danskt revíulag gamalt, þið þekkið það nú örugglega flest. Ég lék þarna danska ráðskonu og hún raulaði þetta þegar hún var að brjóta saman þvottinn.

[Katla syngur.]

Aðalsteinn:

Já, þetta var danskt revíulag og ég þykist vita að þessi söngtexti hafi ekki verið eftir lðunni. Hann gæti frekar verið eftir þig vegna þess að þú varst einhvern tímann í öllu þínu brasi beðin um að skrifa bók á dönsku og gerðir það án þess að víla það fyrir þér. Hún var frumsamin á dönsku og sú bók hefur aldrei komið út á íslensku ef ég man rétt.

Kristín:

Já, ég var beðin að skrifa bók. Ég hafði verið beðin að skrifa léttlestrarefni hérna heima fyrir Námsgagnastofnun. Einhvern veginn

komst það til Danmerkur og þá var ég beðin að skrifa líka léttlestrarefni fyrir Dani. Og mér datt náttúrliga ekki annað í hug en að segja: Já takk! Enda hafði ég verið „stuepige“ í Danmörku nokkur sumur og í Kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn og ég hafði bókstaflega ekkert að gera og bara dreif mig í að skrifa bók! Hún var nú ekkert rosalega löng en hún var bara skemmtileg, held ég.

Hann Lars Andersen, Dani sem var á Skaganum, góður vinur minn, hann hélt í höndina á mér. Hann dó því miður allt of snemma. Hann var leiðsögumaður og þýðandi og kennari og talaði undurfallega dönsku. Ég skrifaði bókina og hann jók mér svona kjark og þor og sagði: Fínt hjá þér Kristín, haltu bara áfram! Og svo þegar ég var búin að því, þá fórum við yfir bókina og hann kom með góð ráð og ég lagaði og breytti, þannig að ég var með gott utanumhald. Ég vil bara að það komi fram.

En ég er höfundur bókarinnar og ég er þokkalega ánægð með hana, þakka þér fyrir.

Hlekkir í sömu keðju

Aðalsteinn:

En þegar það líður að aldamótunum, þá fer að hilla undir breytingar hjá þér. Þú átt velgengni að fagna, bæði í barnabókunum og leikritunum og ég held þú sért farin að hugsa um að skrifa ýmislegt annað. Þú ert farin að hugsa um að flytja búferlum frá Akranesi þannig að það er svona ýmislegt sem er að gerast. Hvað er að brjótast um í þér þarna?

Kristín:

Já, við fluttum frá Þýskalandi, yfir Noreg og heim '79 og vorum þá búin að vera lengi úti. Fluttum beint á Skagann, það voru fín árin á Skaganum, mjög gott að vera þar með krakka sem voru að alast upp. Þau gátu verið þar í skóla alla skólagönguna, alveg upp í gegnum fjölbrautaskóla. En ég sagði alltaf að þann dag sem síðasta barnið mitt færir í burtu, ætlaði ég líka að fara í burtu. Fjölskyldan mín var öll annars staðar og ég var alveg hörð á þessu. Fínt, ég ætlaði að vera þarna þennan ákveðna tíma en ekki lengur. Þarna var farið að hilla mjög

undir það, því ungarnir voru að tynast í burtu og ég var mikið farin að hugsa um að flytja. Árið sem ég var í Þrándheimi, '98 til '99, það kom líka ákveðnu róti á mig þannig að ég var mjög mikið farin að spá í brottflutning, sem varð svo bara upp úr 2000, þá fór ég til Reykjavíkur. Og ég held að það hafi verið mjög gott. Ég var búin að eiga mjög fín ár á Skaganum en þarna fann ég svo greinilega að ég þyrfti að gera eitthvað annað. Það lá ekki hjá Skagamönnum, það lá hjá sjálfri mér.

Ég held að maður endurnýi sig með því að fara. Og ég er alveg sannfærð um að ég endurnýjaði mig með því að fara í burtu og byrja aftur einhvers staðar á núlli. Ég byrjaði aftur í leiguhúsnæði fyrir ofan Melabúðina og það var alveg æðislegt!

Katrín:

Og þá fórstu að skrifa þessa bók, ekki satt, *Engil í Vesturbænum*?

Kristín:

Jú, þá mætti ég englinum í stiganum! Auðvitað mætti ég honum ekki beint en ég held það hafi verið af því ég var komin í nýjan fasa. Það er bara svo mikilvægt að skipta um.

Katrín:

Þessi saga er, að mínu viti, ein af merkari barnabókum sem hafa komið út á undanförunum tveimur áratugum. Það sem er svo skemmtilegt er að maður skynjar þessi umbrot, því þarna er að koma fram höfundurinn sem við erum auðvitað búin að kynnst í barnabókunum og leikritunum.

Þetta er eiginlega sálfræðileg saga, finnst mér, því þetta eru hugleiðingabrot með mjög skýru tvöföldu ávarpi, eins og sagt er. Það er að segja; börnin skynja bókina á annan hátt en hinir fullorðnu. Það er annars vegar engillinn í stigaganginum og svo er það úlfurinn sem býr í kjallaranum. Aðalpersónan er svolítið einn og svona inn í sig og við skyggnumst inn í huga hans og kynnumst svo öllum hinum persónunum í gegnum huga þessa drengs. Hann er skíthæddur við úlfinn í kjallaranum. Og við hin fullorðnu áttum okkur á að úlfinum líst mjög vel á mömmu drengsins því hann er alltaf að bjóðast til að gera við ofninn og þiggja kaffi og drengnum líst náttúrulega ekkert á það! Svo er þetta þroskasaga, í raun og veru líka. Hann gengur í gegnum

þroskaferli og við skynjum það í kringum skilnað foreldra hans.

En þetta er merkileg bók því hún er ekki skrifuð eins og saga heldur eru þetta svona hugleiðingabrot. Og þarna ertu líka að fara á nýjar slóðir að vinna svona með myndhöfundi því myndirnar skipta alveg gríðarlega miklu máli. Það er Halla Sólveig Þorgeirsdóttir sem myndlýsir bókinni, eins og stendur.

Kristín:

Já, það var náttúrliga ævintýri að skrifa þessa bók því uppsetning og útlit hennar er allt öðruvísi heldur en það sem áður hafði komið út. En það var einhver spurning um hvort það þyrfti endilega að vera svona mikið af myndum í bókinni og þá varð ég allt í einu einhver járnkerling og sagði bara: Annað hvort verður hún svona með myndum, hver saga með mynd, eða það verður bara engin bók! Því ég sá þetta svona fyrir mér. Við vorum búna að tala saman, ég og Halla, og það var bara tekið í gegn.

Ég þakka þetta nú að hluta til Andra Snæ Magnasyni. *Engillinn* kemur út 2002 en 1999 fær Andri Snær Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir *Söguna af bláa hnettinum* en hún var algjört nýmeti hvað varðar frágang barnabóka. Og ég held að ef Andri Snær hefði ekki komist svona langt með sína bók þá hefði *Engillinn* ekki heldur komist þetta.

Hún er líka búin að fá fjölda verðlauna. Fyrstu verðlaunin sem hún fékk voru Dimmalimm verðlaunin, þau gengu til Höllu Sólveigar fyrir myndskreytinguna, myndlýsinguna. Það var náttúrliga bara yndislegt, eftir allan þennan klósettpappír sem við vorum búin að vera með meira og minna í barnabókum og svarthvítar myndir og allt það, að sjá svona bók fæðast. En þessi bók án mynda, þessi texti án mynda, það hefði aldrei orðið sama bókin.

Katrín:

Það hefði aldrei orðið sama bókin. En það er mikilvægt, sem þú varst að segja núna, með breytta stöðu barnabóka í bókmenntaumræðunni. Nú eru komin sérstök norræn barnabókaverðlaun og það á að fara að veita sérstök íslensk barnabókaverðlaun. Barnabækur hafa auðvitað alltaf verið jaðarsettar. Því fólk segir: Auðvitað koma barnabækur til

greina! En samt hafa þær eiginlega ekki komið til greina. Og það er auðvitað umhugsunarefni hvernig þær hafa verið settar til hliðar en kannski hillir nú undir betri tíma.

Kristín:

Það skulum við vona.

Aðalsteinn:

Þessi bók var svona tímamótaverk fyrir þig en ég man að þegar þú varst að skrifa hana, þá varst þú í mjög mikilli óvissu með hvað þú værir eiginlega skrifa. Hvort þetta væru prósaljóð eða örsögur og jafnvel hvort þetta væri fyrir fullorðna eða börn. Ég held samt að þú hefðir aldrei getað skrifað hana ef þú hefðir ekki verið búin að skrifa allar hinar bækurnar og leikritin á undan, af því þarna varst þú komin með öll verkfærin. Ertu ekki sammála mér?

Kristín:

Jú, ég er sammála þér. Ég var einmitt að lesa allar gömlu bækurnar og þá fann ég svo margt sem varð til þess að ég hugsaði með mér: Já, þarna var ég farin að hugsa svona! Þannig að þetta eru allt saman hlekkir í sömu keðju.

Aðalsteinn:

Við verðum að fá kafla úr þessari bók. Katla, ertu til í að leyfa okkur að heyra brot úr *Englinum*? *Engillinn* hefur verið þýddur á fjölda tungumála og það er sú bók þín sem hefur fengið hvað mesta útbreiðslu. Það er mjög gaman að því. Þannig að á margan hátt breytir hún miklu.

Katla:

Blokkin mín

Ég bý með mömmu í gamalli blokk vestur í bæ. Pabbi býr í Grafarvoginum. Stundum er ég hjá honum. Blokkin er með þrennum útidryum og mörgum íbúðum í hverjum stigagangi. Það eru fjörutíu og níu tröppur upp til okkar. Samt erum við ekki efst uppi. Á einni hæðinni eru skórnir alltaf í hrærigraut á stigapallinum. Ég raða þeim eftir stærð þegar enginn sér. Sumar íbúðirnar eru dularfullar. Ég held að það búi varúlfur í kjallaranum.

Engill í húsinu

Það er engill í húsinu okkar. Ég mætti honum í stigaganginum um daginn. Hann kom fljúgandi niður en þegar hann sá mig lenti hann strax, braut saman vængina og lét sem hann væri kona í síðum hvítum kjól. Geislabaugurinn var óvenjulegur, næstum eins og gyllt húfa.

- Hæ, stamaði ég.

Engillinn svaraði ekki, horfði bara á mig. Augun í honum voru himinblá en samt skinu þau og voru hlý eins og sólar. Svo brosti hann og ég fann hvernig mér snögghitnaði.

Ég hreyfði mig ekki en stóð eins og steinn og glápti. Glápandi steinn. Þá þokaði hann sér fram hjá mér og gekk niður stigann. Hann var berfættur, hélt sér í handriðið og ég sá samanbrotna vængina á bakinu á honum. Þegar hann var kominn niður á næstu hæð flaug hann aftur, ég heyrði þytinn og hljóp á eftir honum, hljóp alveg niður í kjallara en fann ekkert.

Þá mundi ég eftir varúlfinum. Og nú opnuðust dyrnar að íbúðinni hans. Ég leit í kringum mig, sá enga undankomuleið nema stigann, stökk af stað og hljóp upp aftur, tók tvær tröppur í einu, heyrði hann mása á eftir mér, slapp inn um dyrnar. Skellti hurðinni! Engillinn? Hann var hvergi sjáanlegur.

Rigning

Mér finnst rigning góð. Þegar hún fellur beint ofan úr loftinu kitlar hún mann þægilega og það hlýtur að vera gott fyrir hárið. Ég heyri það vaxa, alveg eins og grasið sem grær eftir regnskúr. Sumir setja á sig hettu en það skil ég ekki. Stundum sér maður líka konur með regnhlífur. Þá fer ég alltaf að hlæja og man eftir músinni sem flaug í Dýrunum í Hálsaskógi. Ég hef aldrei séð konu fljúga með regnhlíf nema í bíó en mig langar til þess í alvöru. Væri ekki gaman ef hún birtist allt í einu fljúgandi á röndóttri regnhlíf yfir Hofsvallagötunni, lenti mjúklega á grænu ljósi og færi svo bara inn í Melabúðina og keypti í kvöldmatinn?

Frænka mín sem er með ljóst, hrokkið hár verður ótrúlega krulluð í rigningu. Einu sinni vorum við úti að leika okkur. Þá kom

hellirigning og hárið á henni varð eins og englahár. Mér fannst hún vera dúkka sem ég sá í leikfangabúð uppi í Kringlu og ég varð allt í einu dauðhræddur um að hún myndi brotna.

Sjálfur er ég með frekar dökkt, rennislétt hár og mjög venjulegur.

Höfuðlaus

Einu sinni gekk ég eftir Tjarnarbakkanum í vondu veðri. Það var stormur og hvítar öldur köstuðust upp á bakkann. Mér þótti gaman að horfa á þær svo ég settist á bekk í rokinu. Þá tók ég eftir því, að út um alla Tjörn voru stórar, hvítar kúlur á reki. Þetta voru svanirnir sem höfðu stungið höfði undir væng til þess að hlýja sér. Öldurnar veltu þeim fram og aftur og stundum skelltust þeir hver á annan. Sumir reistu sig upp og litu illilegir í kringum sig og einstaka svanur gargaði. Aðrir tóku ekki hausinn undan væng, þótt þeir væru í miðjum árekstri. Létu bara eins og ekkert væri og héldu sig inni í hlýjunni.

Ég hafði gleymt húfunni heima, líka vettlingunum, og mér var orðið skítkalt. Þegar ég hélt áfram langaði mig mest til þess að stinga hausnum ofan í hálsmálið eða undir handlegginn og ganga þannig alla leið heim. Og þá fór ég að hugsa um, hvað myndi gerast í borginni ef allir tækju upp á því að ganga höfuðlausir í vondu veðri. Ætli það yrðu ekki bara eintóm læti, kannski slagsmál?

Annars væri skemmtilegt að mæta borgarstjóranum hauslausum á Skothúsveginum eða rekast á prestinn við hornið á Suðurgötukirkjugarðinum.

Og við myndum báðir bölvu hátt.

Sigrún:

Já, það er gaman að hugsa sér þessa hauslausu menn og það leiðir hugann að því að rithöfundurinn Kristín Steinsdóttir, hún er náttúrulega voðalega mikill galgopi! Það er svona galsi í henni. En samt er einhver mikil alvara á bak við sem maður sér þegar maður skautar í gegnum höfundaverkið.

Og það er þessi handanheimatilvera. Þessir handanheimar sem birtast á allan mögulegan hátt. Stundum eiginlega mjög alvarlegir, stundum alveg óskaplega skemmtilegir, eins og til dæmis í draugasögunum. Það er svo skemmtilegt þegar draugurinn Móri er á leið upp í sjöunda himin. Hann veit náttúrlega hver situr í sjöunda himni, það er æðsta valdið yfir öllu og maður er eiginlega með hnút í maganum fyrir hans hönd þegar hann er á leið þarna upp því hann hefur ekki hagað sér vel. En þá er guð bara gömul kona sem situr við rokk og er að spinna! Og allt í einu verður þetta allt svo auðvelt. Þetta getur hjálpað fólki að komast yfir einhvers konar kvíðaköst. Þessi handanheimur er svo sterkur og hann er svo víða. Hvaðan kemur þetta?

Kristín:

Handanheimurinn var bara einhvern veginn allt í kring, heima, þegar ég var lítil. Það var ekkert miðilsstand á foreldrum mínum, þið megið ekki misskilja þetta! En amma var berdreymin. Hún vissi alltaf hvað kæmi. Svo voru draugar hér og þar, í hinum og þessum húsum. Þarna bjó hann Aðalsteinn með börnin sín og þarna bjó hún Sigrún með sín börn og svo bjuggu draugarnir þarna líka, sko! Þeir voru einhvern veginn svona hluti af tilverunni. Og ég hef einhvern veginn vanist því að líta bara á þá sem hluta af þessu öllu saman, góðu og vondu.

En í dag finnst mér ég stundum vera dálítið eins og úti á þekju því í dag tala krakkar ekki um drauga. Þau eru ekki hrædd við drauga, þau eru hrædd við vonda menn! Þau eru hrædd við einhverja menn sem geta ráðist á þau en þau eru ekki hrædd við drauga.

Aðalsteinn:

Ertu þá að segja að þú haldir þessu ekki að barnabörnunum þínum í dag, að það séu draugar í hverju skoti?

Kristín:

Ég er nú ekki viss um að börnin mín yrðu mjög ánægð með það! Ömmurnar eru nú að reyna að standa sig! En auðvitað spjöllum við um allt mögulegt og ég segi ekki að ég laumi ekki að þeim einum og einum draugi en við erum líka ógurlega mikið í umræðu um vondu mennina því mér finnst það vera dálítið áleitnið hjá börnum í dag, vondir menn. Það vekur mér svoltítnu ugg. Kannski á maður að skrifa eitthvað um

Það að maður má ekki þetta og maður má ekki hitt því það eru alls staðar vondir menn. Þetta er náttúrulega bara eitthvað sem er í kringum okkur í dag en var ekki þegar ég var krakki. Þá voru það draugarnir miklu frekar.

Katrín:

Við lifum í allt öðrum heimi í dag. Maður áttar sig kannski á því þegar maður kemst aðeins frá götuljósunum, þá kannski vaknar smá draugahræðsla hjá nútímafólki líka!

Kristín:

Já, en ég held þetta sé bara eitthvað sem hefur fylgt mér frá því ég var lítil og ég hugsa að margir hérna í salnum geti sagt svipaða sögu ef þeir hugsa sig um. Hvernig það var þegar þau voru krakkar. Það var áreiðanlega ekki bara á Seyðisfirði sem voru draugar í húsunum og álfar í klettunum.

Sigrún:

Svo komast börnin að því gjarnan að þessir draugar hverfa smám saman. Svo eru þeir kannski líka bara góðir og losa um einhvern kvíða eða spennu.

Kristín:

Já, algjörlega.

Katrín:

Eða bara eins og í *Englinum* þegar úlfurinn flytur upp í Grafarvog. En reyndar var strákurinn svo óheppinn að það flutti norn inn í staðinn og málið var ekki alveg leyst.

Aðalsteinn:

En eigum við ekki að fá eitt lag, er ekki alveg kominn tími á það? Og þá ætlum við að snúa okkur aftur að einu leikriti. Og það er leikritið sem hét upphaflega *Síldin kemur og síldin fer*. Það fékk nýtt nafn þegar það var sett á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur og þá kom líka ný tónlist til sögunnar, eftir Valgeir Guðjónsson, tónlist og textar sem var bætt við. En þetta eru eiginlega tvær gerðir af leikritinu því gamla leikgerðin hélt áfram sinni sigurför um landið.

En Katla ætlar að flytja okkur lag úr þeirri leikgerð sem var flutt hjá Leikfélagi Reykjavíkur á sínum tíma og það heitir „Farðu nú að sofa“.

[Katla syngur]

Hlé

Krilla litla í Tungu

Aðalsteinn:

Já, þá býð ég ykkur velkomin til seinni hálfleiks. Þeir, sem komu hingað í salinn áður en við byrjuðum dagskrána, sáu þessa myndasýningu með myndum frá því í gamla daga og líka úr nútímanum. Núna sjáið þið mynd af fjölskyldunni í Tungu. Við ætlum að snúa okkur aðeins að henni Krillu litlu í Tungu. Það vantar eitt systkinið á myndina, Stefán, yngsta bróðurinn. Þau voru fimm systkinin í Tungu, þær systur lðunn og Kristín og þrír bræður; Heimir, Ingólfur og Stefán.

Nú langar mig mikið til að spyrja þig, Kristín: Þið systkinin hafið öll fengist við ritstörf. Þið hafið öll gefið út bækur og þetta er dálítið sérstakt. Hvernig stendur á þessu? Heimilið hlýtur að hafa verið mikið menningarheimili?

Kristín:

Ég veit það ekki, þetta var náttúrliga bara mitt heimili og ég hélt kannski að öll heimili væru svona. Maður heldur alltaf að það sé allt eins og heima hjá manni. En það var óhemju mikið lesið heima og, eins og ég kom að herna áðan, þá var þessi þáttur mömmu að segja frá endalaust, þessi sagnabáttur, það var náttúrliga eitthvað sem ég held að hafi brennt sig inn í okkur systkinin algjörlega. Ég segi það alltaf; það er ástæðan fyrir því að ég varð rithöfundur. Ég gleypiti þetta einhvern veginn allt og ég get alltaf sótt í einhvern banka, sem ég get ekkert útskýrt, hann er bara þarna. Þegar maður er búinn að fá svona veganesti í bernsku þá er það bara eitthvað sem maður getur

endalaust sótt í. Og ég býst við að það sé eins með systkini mín, nema kannski yngsta bróðurinn, Stefán. Hann er ekki þarna, hann fæddist '58, þá var Heimir farinn til náms þannig að við vorum sjaldnast öll saman. En hann fékk líka annars konar uppeldi því mamma dó fljótlega úr þessu en pabbi var óhemju mikill bókamaður. Hann var alltaf að lesa, endalaust að lesa. Hann var svo mikið að lesa sagnfræði og Íslendingasögur og sögulegar skáldsögur, Grimberg og fleiri. Hann var endalaust að lesa.

Og það sem mér finnst svo skemmtilegt í endurminningunni líka, ég verð að fá að skjóta því að; mér fannst við alltaf búa svo stórt. Það voru tvö svefnherbergi og við vorum fimm systkinin og pabbi og mamma og amma var líka mjög oft hjá okkur. Og það var bara raðað í þessu fáu herbergi og hjá pabba og mömmu voru lokrekkjur báðum megin við hjónarúmið og þar vorum við krakkarnir. Ég man svo vel eftir því þegar mamma og pabbi voru að lesa hvort fyrir annað í hjónarúminu. Þá voru þau að lesa fullorðinsbækur og þá lá maður bara og hlustaði á það. Þannig kynntist ég heilmiklu af fullorðinsbókum, þegar þau voru að lesa. Þá var ekkert verið að hugsa um að lesa sérstaklega fyrir mig, þau voru að lesa fyrir sig, alltaf nýjar bækur.

Halldór Kiljan Laxness var náttúrlega keyptur um leið og hann kom út og hann var óhemjugóður þangað til hann fékk Nóbelsverðlaunin; þá fannst þeim hann ekki nógu góður lengur! Mamma sigldi gjarnan á móti straumnum og henni fannst hann hafa dalað. Maður átti umfram allt ekki að miklast af sjálfum sér. Maður átti alltaf að reyna að bæta sig en ekki ná svo hátt upp að maður héldi að maður væri eitthvað. Og það voru fleiri sem höfðu þessa skoðun, að Halldór hefði nú svona heldur látið undan síga þegar hann fékk þessi Nóbelsverðlaun. En bækurnar voru keyptar jafnóðum og það var mjög mikið lesið heima.

Ég lá til dæmis eitt sumar veik í rúminu, þá var ég ellefu ára gömul. Það komst reyndar aldrei upp hvað var að en þá las ég allt sumarið man ég. Og þá var ég svo heppin að pabbi fór bara upp í skóla og sótti allar bækur sem þar voru. Hann var náttúrlega skólastjóri. Þá las ég til dæmis allar þjóðsögurnar, fram og aftur. Ég lá í þjóðsögunum þetta sumar og svo las ég Jón Trausta afturábak og áfram þetta sumar, ellefu ára gömul. Þetta setur svona mark sitt á mann og ég hugsa að

systkini mín myndu svara einhverju svipuðu ef þau væru spurð. Að minnsta kosti þau eldri.

Svo var náttúrlega sungið óhemju mikið heima. Það var alltaf einn í eldhúsinu og ef hann var ekki að segja sögur þá var hann að syngja og pabbi var að spila á orgelið. Hann var endalaust að útsetja lög því hann stjórnaði þremur kórum. Hann samdi lög og hann útsetti lög og við sungum alltaf í röddum. Við lærðum mjög snemma að syngja í röddum. Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef verið allveg þrusugóð í partýum; ég kann alla texta. Og ekki bara nýja texta, ég kann líka gamla texta. Þið setjið mig ekki svo glatt á gat í textum – og ekki heldur lðunni eða Ingólfr! Þetta er banki sem við búum að.

Leben im Fisch

Aðalsteinn:

Við ætlum að tala aðeins meira um Seyðisfjörð. Ég ætla bara að minnst á að svona rúmum 20 árum eftir þennan tíma sem þú ert að lýsa þá kom ég á Seyðisfjörð og þá voru þar fimm vídeóleigur! Þannig að ég held það hafi ekkert verið mikið sungið og lesið á þeim tíma en það átti eftir að breytast aftur. En við ætlum að tala um annað verk.

Sigrún:

Já, við ætlum að tala um verk sem er soldið sérstakt og öðruvísi en það sem við höfum verið að tala um hingað til. Krilla hefur ekki bara skrifað bækur á öðrum tungumálum heldur líka gert annars konar verk. Það komu hingað nefnilega einu sinni menn frá litlu útgáfufyrirtæki í Þýskalandi sem voru að undirbúa bókamessuna í Frankfurt. Þeir báðu nokkra einstaklinga að segja frá uppáhalds Íslendingasögnum sínum, á þýsku, og fengu að hljóðrita frásagnir þeirra. Einn af þeim sem var þá fenginn til þess að segja frá, var Kristín Steinsdóttir. En þetta voru klárir menn sem sáu um þessa útgáfu og þeir heyrðu strax að þarna var eftir meiru að slægjast þannig að þeir fengu hana líka til þess að koma með sér austur á Seyðisfjörð og ausa úr sínum minningabrunni. Og þangað fór Kristín með þeim í huganum og rakti endurminningar sínar.

Útkoman er þessi undurfallegi gripur hérna sem heitir *Leben im Fisch*. Þetta eru þrír diskar og þeim fylgja fallegar myndir. Þessir diskar innihalda sem sagt ekki upplestur heldur þriggja klukkutíma frásagnir. Þegar maður hlustar á þessa diska, þá kynnist maður þessum rithöfundi kannski bara allt öðruvísi en maður hefur kynnst honum áður. Ég var búin að þekkja Kristínu lengi en þarna sá ég nýjar hliðar á henni. Þarna kemur meðal annars í ljós að Kristín vann fyrstu verðlaun sem fljótasta síldarsöltunarstúlkan þegar hún var aðeins 15 ára gömul á Seyðisfirði. Þarna er líka sagt frá því þegar sýslumaður þurfti að loka ríkinu þegar flotinn var á leið í höfn og fleiru. Og þarna er hlátur og angurværð og upprifjun og maður sér fyrir sér augun sem skotra og eru að leita að minningunum.

Kristín, hvernig upplifðir þú þetta?

Kristín:

Sko, þetta var algjört ævintýri en ég var mjög mótþróafull í byrjun og vildi alls ekki taka þátt í þessu. Mér fannst að ég gæti þetta ekki. Þýska er ekki mitt móðurmál. Ég get sagt ykkur hvernig mamma sagði okkur sögur og hvernig ég las Íslendingasögurnar í bernsku en að eiga að halda uppi svona prógrammi; ég taldi að það myndi ekki ganga, því miður. En þeir héldu áfram og sögðu: Jú, þú getur þetta, drífum bara í þessu. Nei, sagði ég. Svo hringdu þeir að utan og sögðu: Við erum að hugsa um að koma í næstu viku. Hefurðu tíma? Þrjá daga? Og þá hugsaði ég með mér: Fjandinn hafi það, ef þeir eru svona ákveðnir í þessu þá skal ég gera þetta. En ég sagði líka: Ef þetta floppar, ef þetta verður ekki neitt, ef enginn vill kaupa þetta og enginn vill hlusta á þetta þá skuluð þið muna að ég bað ekki um þetta! Og þeir sögðu: Ekki málið, við tökum það á okkur. Svo komu þeir og þetta var svo gaman en þetta var líka svo erfitt. Því við sátum frá morgni til kvölds og ég talaði og þeir sátu fyrir framan mig, svona eins og Knold og Tot. Þeir lágu á gólfinu af hlátri ef þeim fannst ég vera sniðug og þeir grétu ef ég sagði eitthvað sem snerti þá. Og við grétum öll og við hlógum. En þeir fóru til Þýskalands með tíu tíma af efni. Og aumingjans mennirnir máttu svo sitja við að stytta það niður í þrjá tíma. Það var þeirra höfuðverkur.

En ég sé ekkert eftir því að ég skyldi gera þetta vegna þess að þetta var svo allt annað. Þetta var ekki eins og þegar ég skrifaði *Franskbrauðið*

og ekki eins og þegar ég skrifaði *Sólina*. Ekkert af þessu sem ég hef verið að gera. Þetta var svo gaman og ég er svo þakklát í dag að við gerðum þetta. Ég hélt að ég gæti þetta ekki en svo gleymdi maður sér auðvitað þegar maður fór að segja frá. Þeir sögðu bara: Góða besta, þú talar ágætis þýsku. Annars kaupir enginn þennan disk til að hlusta sérstaklega á þýskuna þína. Og ég bara trúði því og svo gleymdi ég algjörlega að ég væri að tala þýsku. Þetta var bara yndislegt.

Sigrún:

Svo var þetta valið hljómdiskur mánaðarins í Þýskalandi.

Aðalsteinn:

Og þetta varð auðvitað metsölubók!

Kristín:

Já, þetta er nefnilega bók þótt þetta sé alls ekki bók.

Katrín:

Ég ætla að gera játningu; ég hélt að ég vissi margt um Kristínu en ég hafði sem sagt aldrei heyrt um þetta stóra ævintýri, *Leben im Fisch*.

Kristín:

En má ég aðeins skjóta inn í og leiðrétta Sigrúnu vinkonu mína um eitt? Ég var þriðja fljótasta stúlkan, 15 ára, en ekki fyrsta! Ég veit að hún meinti það vel en ég vil að þetta sé rétt.

Katrín:

Hafa skal það sem skemmtilegra reynist!

Kristín:

Já, best í mínum flokki, langbest.

Guð er eins og amma

Katrín:

En þá verðum við að fara að koma að Sólinni sem er auðvitað hluti af þessum tímamótum sem við vorum að tala um áðan. Ég tengi þessar bækur, *Engil í Vesturbænum* og *Sólina*, saman því báðar bækurnar eru svona hugleiðingar, brotakenndar frásagnir, sem samt mynda alveg órofa heild. Þú sagðir hérna áðan að þú hefðir ekkert upplifað það að þú værir að rífa úr þér hjartað og hengja út á þvottasnúruna fyrir lesendur en manni finnst samt eiginlega að þú hafir gert það þegar þú skrifaðir þessa bók!

Kristín:

Já, kannski gerði ég það! Jú, þessi bók hefur mikla sérstöðu. Ég var búin að hugsa ægilega lengi um að skrifa þessa bók. Mig langaði að skrifa hana, það var svo margt gott sem mig langaði að segja en það var líka svo margt vont og það var ekkert hægt að segja það í barnabók.

Svo var ég fyrir austan einhvern tímann. *Sólin* kom út 2004 svo ætli það hafi ekki verið 2002 sem við systkinin fórum inn í gamla húsið, sem við höfðum búið í inni í Tungu, og þá fann ég bara að það gat ekki beðið. Og já, ég held að ég hafi kannski tekið hjartað úr mér þarna en ég held ég hafi þurft að gera það. Og ég sé ekki eftir því. Það þurfti að gerast og mér leið miklu betur á eftir því þetta var svona ákveðið uppgjör við margt í bernskunni og við guð almáttugan og við allt mögulegt. Ég held að þetta hafi kannski hjálpað mér áfram í það sem ég hélt svo áfram við.

Katrín:

Þetta var nauðsynlegt til þess að stíga næstu skref?

Kristín:

Já, ég held það.

Aðalsteinn:

Mig langar að biðja þig að flytja þig yfir á lestrarstallinn og lesa fyrir okkur úr bókinni, rifja aðeins upp með okkur hvernig sá texti hljómar.

Kristín:

Þá fer ég með ykkur austur á Seyðisfjörð á árunum milli 1950 og 60.

Það er gott að koma í hálsakot. Mamma raular og strýkur mér um bakið. Ég dotta og finn daufa reykingalyktina.

Þarna á ég heima - alltaf.

Á sunnudögum rakar pabbi sig við litla spegilinn í eldhúsinu. Það gerir hann til þess að geta verið nálægt mömmu sem er að steikja kjötið á eldavélinni. Þau skrafa á meðan, fá sér í seinni bollann og andrúmsloftið er hlýtt.

Sjálf horfi ég dáleidd á pabba þar sem ég sit á borðinu undir glugganum. Stundum fæ ég að þekja andlitið á honum með hvítri sápu. Þá beiti ég rakkústinum varlega á æðaberar kinnar og hlæ af tómri gleði. Ég fæ aldrei að koma nálægt sköfunni.

Styn af innibýrgðri löngun eftir að vera karlmaður og láta hárfín Gillette-rakvélarblöðin kyssa á mér vangana.

Pabbi er alltaf í vinnunni eða á fundum. Á kvöldin æfir hann kóra eða útsetur lög við orgelið. Við lærum snemma að syngja í röddum.

Mamma er alltaf heima og sé hún ekki inni þegar við komum heim förum við út að leita að henni. Hún er fljót að vinna, sest svo niður með bók, kaffisopa og sígarettu.

Amma er stundum hjá okkur en oft í Vestmannaeyjum eða Keflavík. Allir vilja hafa ömmu. Hún er oftast í eldhúsinu. Amma borðar bara soðinn fisk og hakkað kjöt, kartöflumús, Frónkex og drekkur te. Hún er lágvaxin, grönn og veik í ristli.

Matmálstímar eru á fréttatímum Ríkisútvarpsins og við steinþegjum á meðan. Það getur verið mjög erfitt og út úr tómunum leiðindum spörkum við systkinin hvert í annað undir borði og laumum feitu bitunum á gólfið. Komist það upp erum við skömmuð.

Mamma kann ekki að hjóla og það finnst mér gott. Ég dauðvorkenni Höllu þegar mamma hennar tekur hjólið og hendist niður í kaupfélag. Það hlæja allir að henni.

Mamma kann heldur ekki að synda. Þegar krakkarnir áttu

að vera í kennslu í ískaldri tjörn neitaði hún að vera með. Hún sagði að kennarinn hefði þrifið um ökkla nemenda og steipt þeim út í tjörnina. Hún fór bara einu sinni.

En hún kann að segja sögur. Enginn í öllum bænum kann jafnmargar sögur og hún. Óþægustu krakkarnir sitja eins og englar þegar hún byrjar.

Litla borðstofan er full af krökkum, sumir á dívaninum, aðrir á stólum, enn aðrir niðri á gólfi. Mamma situr í körfustól og stoppar í sokka. Hríðin lemur gluggann og í dag er sagan löng.

Ljósinn blikka. Vonandi fara þau alveg. Þá fáum við ævintýrið af Dýrinu arga á fjallinu karga eða Rauða turninum upp úr sjónum. Til þess að mamma segi þau þarf að vera ofsaveður eða einhver að liggja fárveikur.

Það er gaman fyrir alla nema þann sem er veikur.

Í kreppunni barst skarlatsótt til landsins. Hún byrjaði með háum hita, höfuðverk og særindum í hálsi. Næsta stig voru rauð útbrot og hreistrun. Menn dóu, einkum börn og unglingar. Aðrir sátu uppi með nýrnaskaða og urðu margir skammlífir. Hjá sumum beið hjartað aldrei bætur. Þeir áttu við áralöng veikindi að stríða.

Mamma er í þeim hópi.

Ég gæti þess að ganga aldrei afturábak. Sagt er að þannig gangi maður móður sína ofan í gröfina.

Stundum vakna ég kófsveitt og hef þá gengið aftur á bak í miðri martröð.

Okkur systkinunum lærist snemma að láta enga eiga hjá okkur. Það er dyggð að kunna að svara fyrir sig. Hallgerður langbrók og Bergþóra létu aldrei sinn hlut fyrir neinum. Þær sendu þræla og drápu menn.

Við sendum tóninn.

Kvenfélagskonur taka til í kringum kirkjuna á vorin og henda rusli ofan í skurðinn á túninu okkar.

Fornkonurnar ýta við mér. Ég hef ekki þræl en dríf allt ruslið aftur inn í garðinn við kirkjuna. Kvenfélagið sneypir mig en ég ver minn skurð. Pabbi kemur út og ber klæði á vopnin, tillögugóður og sköllóttur eins og Njáll forðum.

Mamma þegir en glottir á lengdar.

Pabbi verður sjaldan reiður en þá hvítnar hann í framan og við látum fætur forða okkur. Mamma skammast oft en það er fljótt að rjúka úr henni. Amma reiðist varla nema við köttinn Malakoff. En hún er ekki almennilega reið við hann heldur, fjasar bara yfir því hvað hann sé vitlaus.

Ég held að amma kunni ekki að vera reið. Einu sinni bauðst ég til þess að kenna henni það. Þá hló hún bara og sagði að það væru nógu margir hrukkóttir í framan.

Húðin á ömmu er mjúk eins og á ungabarni.

Systir mín er eins og amma. Þær eru góðar við alla og þess vegna þykir öllum vænt um þær. Mig langar til þess að vera eins en tekst það ekki.

Suma daga ákveð ég um leið og ég vakna að vera þrúð. En samt er ég farin að rífast löngu fyrir hádegi.

Aðalsteinn:

Þessi kafli segir nú ansi margt um þig. Þarna kemur í ljós, að amma þín var eiginlega fyrirmyndin að guði í draugabókunum.

Kristín:

Já, amma er sko guðinn í *Draugur í sjöunda himni*, því mér þótt svo vænt um ömmu. Ég held ég hafi ekki verið ein um þessa trú, af okkur systkinunum. Okkur þótti svo vænt um ömmu, hún var svo mikill mannasættir og hún var svo góð að ég sá alltaf guð almáttugan fyrir mér eins og ömmu. Hún hafði mikla æðahnúta og þegar hún settist fram á morgnana og var að fara í sokkana þá voru þessir æðahnúta klumpar á fótunum á henni. Alveg eins og í bókinni, þegar guð almáttugur er að klæða sig í sokkana og er í peysufötunum. Amma fór í peysuföt þegar

hún fór í kirkju og svona, þannig að það kom alveg af sjálfu sér að guð væri eins og amma. En það voru nú ekki allir sáttir við það því þegar ég fór að fara með bókina í skóla og lesa fyrir krakka þá ætluðu strákarinnir alveg að drepa mig! Að mér skyldi detta þetta til hugar! Þeir sögðu að guð væri kall og að hann væri ekki svona. Það var hávaði stundum.

Aðalsteinn:

En nú skulum við flytja okkur aðeins frá Seyðisfirði og yfir í næstu bók sem heitir *Á eigin vegum* og þar ertu að fjalla um konu sem heitir Sigprúður. Hún fer mikið í kirkju og mig langar að þú segir okkur frá því hvernig Sigprúður, þessi persóna, kom til þín.

Kristín:

Sigprúður mín!

Sigrún:

Hún er ættuð að austan?

Kristín:

Já, hún er af norðausturhorninu. Sigprúður mín, hún er yndisleg. Mér þykir svo vænt um Sigprúði.

Hún kom til mín í kirkju. Ég var við útför, sem ekki er í frásögur færandi, og þetta var búið að blunda í mér lengi. Þetta var ótrúlega vel heppnuð útför vegna þess að ég setti bara niður bókina þarna. Sigprúður kom allt í einu og ég vissi nákvæmlega hvernig þetta átti að vera. Og ég fann hana bara, hún var þarna hjá mér og svo flýtti ég mér bara heim á eftir og byrjaði að skrifa bókina. Hún gerist mikið í kirkju, þessi bók, og Sigprúður elskar að fara í kirkju. Hún er svona hluti af hópi sem mætir í jarðarfarir, hún er einmana. Og það var svo gaman að skrifa hana og mér þykir svo vænt um hana.

Óttinn við að missa

Katrín:

En má ég spyrja, af því áðan varstu að lýsa martröðinni að ganga afturábak af ótta við að missa móður sína. Og Sigprúður, hún missir

móður sína og hún missir barnið sitt og hún er ein og svo missir hún manninn sinn. Og þessi missir, sem við lesum um, bæði í *Sólinni* og *Á eigin vegum* og svo áfram í þeim bókum sem á eftir koma og áður í ýmsum barnabókum, þetta er kannski stærsti ótti okkar margra og hann birtist víða í þínum sögum. Óttinn við að missa.

Kristín:

Óttinn við að missa er dálítið þema í gegnum bækurnar mínar og ég held það sé að hluta til vegna þess að ég hef misst sjálf. Það er stundum sagt að rithöfundar séu alltaf að skrifa um sjálfa sig. Ég vil þó ekki segja það. Auðvitað sækir maður að einhverju leyti í eigin upplifun en drottinn minn dýri ef ég væri alltaf að skrifa um sjálfa mig, það væri skelfilegt! Aðalsteinn, þú hlýtur að geta tekið undir það með mér! Það væru ekki skemmtileg ritsöfn. En auðvitað sækir maður í eigin reynslu. Og ef maður hefur misst og ég tala nú ekki um, ef maður er lengi að tryggja á því áður en maður fótar sig í því, þá verður það mjög áleitíð. Og það er svo hjá mér að það kemur alltaf fram aftur.

En ég held líka að það vikki sjóndeildarhringinn svo ótrúlega mikið. Maður hugsar allt öðruvísi, sérstaklega þegar maður er kominn frá því, þegar maður er hættur að vera reiður. Maður er reiður til að byrja með, að minnsta kosti ég, ég var alveg óskaplega reið. Ég var svo reið árum saman að ég gat til dæmis ekki hugsað mér að taka mér orðin „guð almáttugur“ í munn því ég var svo reið við þennan guð sem getur tekið þátt í að svona hlutir gerist. Einhver sagði við mig: Maður móðgast ekki við guð almáttugan, það er ekki hægt. Og ég sagði bara: Það er víst hægt! Og ég hélt bara áfram að vera móðguð út í minn guð. En við sættumst og ég gekk aldrei úr kirkjunni en þetta eru átök og þessi átök koma fram, held ég bara eðlilega, og ég er svo sem ekkert að reyna að sleppa undan því lengur. Ég leyfi því bara að koma sem kemur. Og ritstjórnarnir stoppa mig þá bara ef ég er komin of langt. Það er voða gott að hafa ritstjóra, ég set traust á þá!

Sigrún:

Þetta hljómar nú allt eins og mjög góðar þroskatöflur en mig langaði að bæta því aðeins við, í sambandi við bókina *Sólin sest að morgni*. Ég var að lesa mikið og vinna í *Porpinu* eftir Jón úr Vör á sama tíma og ég las *Sólina* og mér fannst svolítið gaman hvernig þessar bækur

kölluðust á. Þær gerast á sitthvoru horninu á landinu, önnur fyrir vestan og hin fyrir austan.

Sólin sest að morgni er svona prósaljóð. Hún er sögð frá sjónarhóli ungrar konu og það er þessi þröngi heimur, þessi heili heimur sem varð að vera svo heill vegna þess að vegirnir lokuðust á hverju ári í október og maður varð bara að gjöra svo vel að vera þarna á Seyðisfirði, þangað til í maí.

Kristín:

Já, á góðu ári var farið yfir í maí en annars í júní.

Sigrún:

Í fyrra var maður í útvarpinu sem sagði þegar það tepptist þarna: Við látum ekki bjóða okkur þetta. Sögðuð þið þetta líka?

Kristín:

Nei, ég man nú ekki til þess að þetta væri sagt þegar við vorum að alast upp. Þetta var svo allt öðruvísi, þetta var bara heimur út af fyrir sig, okkar fjörður. Við fengum vörur með skipi meðan það var, svo hætti það að koma og þá var farið með snjóbíl yfir heiði og svo batnaði heiðin og þá var farið að keyra þar yfir á bílum. Menn fóru reyndar ef þeir þurftu að fara til læknis eða ef það var eitthvað sérstakt um að vera. En menn voru ekkert að transporta milli fjarða, drottinn minn dýri, það var ekkert inni í myndinni. Við vorum bara þarna og þetta var okkar heimur og við þurftum heldur ekkert að sækja út fyrir hann þegar ég var barn. Það var allt á staðnum.

Ég man hvað ég var hissa þegar ég komst upp á Hérað og sá að sólin var á kvöldin. Sólin var alltaf farin klukkan hálfsex hjá okkur vegna háu fjallanna, í síðasta lagi kannski hálf sjö á sumrin, ég man það þó ekki. En maður bara lifði í sínum heimi og það var heimurinn okkar og hann var bara góður og ég þurfti ekkert meira.

Svo mikil ást

Aðalsteinn:

Það er ágætt að við séum að tala um þessa heima því við skulum flytja okkur dálítið hratt á milli. Þessi bók opnaði fyrir fullorðinsbókaheiminn. Útgefendur þínir voru í vafa um að þú ættir að skrifa fyrir fullorðna því þú naust velgengni á sviði barnabókanna en svo var þetta önnur bókin þín fyrir fullorðna og hún fékk mjög góðar viðtökur. Og þá opnaðist allt fyrir þér og þú fluttir þig yfir í allt annan heim og fórst að skrifa bókina þína, *Ljósu*, sem er um heim einangrunar af svolítið öðru tagi. Þar er tvenns konar einangrun, bæði landfræðilega og svo er það heimur geðveikinnar. Og ég held að við ættum að tala aðeins núna um *Ljósu*. Við skulum hvíla okkur á henni Sigbrúði, hún fær bara lítinn skerf hérna í dag.

Kristín:

Ég bara vona að Sigbrúður komist einhvern tíma til Frakklands því það er draumurinn hennar að komast til Frakklands. Frakkar hafa ekki ennþá viljað gefa hana út en ég er ekki búin að gefa það upp á bátinn. Hún verður að komast alla leið.

Katrín:

En það er þessi innsýn í heim geðveikinnar. Manni rennur eiginlega kalt vatn milli skinns og hörunds þegar maður les um þessa konu, sem maður hefur svo mikla samúð með, og meðferðina á henni. Meðferð, sem maður í raun og veru skilur líka og þá er ég að vitna til barnanna og manns hennar sem auðvitað vita bara ekki í sitt rjúkandi ráð, hvernig þau eiga að takast á við þennan sjúkdóm.

Kristín:

Þessi kona, sem ég sótti söguþráðinn til, var fædd 1874 og dó 1938. Hún fékk nú aldrei neina greiningu, held ég, en mér hefur verið sagt að þetta hafi verið geðhvarfasýki. Það var ekkert í boði, það voru engin ráð.

Það var dálítið gaman að opna þetta, gaman en erfitt, því það kom í ljós að það voru svo margir sem sátu inni með einhverjar sögur og eitthvað sem þeir höfðu upplifað á sjálfum sér og sinni fjölskyldu.

Margir höfðu samband og glöddust yfir því að þetta skyldi vera opnað á þennan hátt. En þetta var náttúrulega ekkert auðvelt. Ég veit ekki til þess að ég sé sjálf haldin geðhvarfasýki og ég þurfti því að kynna mér hana alveg afskaplega vel.

Aðalsteinn:

Þú hugsaðir lengi um það, þú veltir því lengi fyrir þér hvort þú ættir að skrifa þessa sögu vegna þess að hún byggir í rauninni á heimildum og aðalsögupersónan byggir á ömmu þinni. En svo er þetta auðvitað skáldsaga og maður verður var við að stundum blandar fólk þessu svolítið saman og finnst einhvern veginn að þetta sé allt saman raunverulegt enda er þessi skáldsaga mjög raunveruleg. Það er auðvelt að lesa hana sem heimildaskáldsögu en hún er það í rauninni ekki. Þótt þú hafir aflað þér mikilla heimilda þá er hún skáldsaga að öllu leyti.

Kristín:

Já, hún er það og mér finnst gott að þú skulir taka það fram vegna þess að ég fæ svo mikið af spurningum, eins og til dæmis: Hvert barnanna í bókinni er pabbi þinn? Og frá fólki, sem er ekki í fjölskyldunni, sem er að spyrjast fyrir um sveitungana: Er það mitt fólk sem þú ert með? Og ég svara öllum til að ég styðst við þennan söguþráð ömmu minnar. Pápi, sem var pabbi hennar, hann var ákaflega sterk persóna, það var ekki hægt að komast hjá honum. Að öðru leyti er þetta skáldsaga og ekkert annað, hvort sem fólk vill trúa því eða ekki.

Hún var amma mín en auðvitað verður maður samt sem áður að gæta þess mjög vel að hún var amma fjölmargra annarra líka. Ég varð að skoða vel fjölskylduna, ég hefði getað lent í að láta stoppa bókina ef menn hefðu nú virkilega trúað því að þetta væri ekki skáldsaga þá hefði ég getað lent í því og ég ætlaði ekkert að lenda í neinu. Ég var spurð hvort ég vildi nokkuð vera að opna þetta. En ég vildi einmitt opna þetta og ég held að það hafi verið gott.

En ég var kannski hræddust við allt geðlæknabatteríið; að þeir myndu leggjast á mig og segja að ég væri að segja einhverja vitleysu. Þess vegna voru margir sem lásu yfir hjá mér.

Sigrún:

Sjónarhornið, sem þú velur, vekur mikla aðdáun. Að segja þetta frá sjónarhorni þessarar veiku persónu, að láta hana segja söguna. Dastu niður á þetta allt í einu eða var þetta alltaf svona?

Kristín:

Nei, ég var búin að margskrifa þetta. Fyrst var ég náttúrlega búin að safna heimildum í 20 ár, með því að spyrja fólk og skrifa niður. Ég byrjaði á því upp úr 1990 og bókin kom út 2010. Og svo var ég búin að skrifa hana og ég var fyrst með þriðju persónu frásögn eins og í *Á eigin vegum* en þá fannst mér ég ekki komast nógu nálægt henni. Með því að setja frásögnina yfir í fyrstu persónu þá komst ég alveg upp að henni en um leið varð ég að finna einhverja aðferð til að nota þegar hún væri orðin mikið veik. Og ég hugsaði lengi um það og skrifaði á ýmsa vegu og það varð ofan á að láta Katrínu dóttur hennar taka þá við og segja frá. Því Ljósá hélt ekki þræði í restina og það hefði orðið mjög ruglingslegt að nota fyrstu persónu þar.

Ég var búin að taka alveg ægilega marga snúninga á þessu. En ég er fegin að ég leyfði þessu að taka bara þann tíma sem það þurfti, að ég var ekki að drífa mig í að vera með bók um jólin, þetta voru hvort sem er orðin 20 ár og það skipti ekki máli til eða frá.

Ég var svo ofboðslega reið þegar ég byrjaði að skrifa. Mér fannst vera farið svo illa með geðveikar konur og karla á þessum tíma, þau voru lokuð inni í þessum hræðilegu búrum og ég var alveg brjáluð úr reiði og skrifaði kannski ekkert fallegt um fólkið í kringum hana, til að byrja með. En svo þegar ég var búin að ganga með hana í höfðinu, við vorum alltaf saman, ég og hún, þá var ég náttúrlega orðin alveg óskaplega þreytt á henni. Hún hrópaði og söng á miðri nóttu og þá skildi ég hvað það var mikil ást að leyfa henni að vera heima og leyfa henni að vera inni. Mjög margir geðveikir voru bara settir í útihús. Jafnvel bara út í fjós með beljunum, bara einhvers staðar þar sem heyrðust ekki í þeim hrópin. En fólkið hennar var að passa upp á að hún slyppi ekki í jökulárnar og dræpi sig. Þau hefðu getað látið hana sleppa og verið þar með laus við hana.

Katrín:

Ég held að fyrstu persónu frásögnin geri það að verkum að þetta er mjög erfið bók að lesa. Rétt eins og þú gengur með hana með þér í allan þennan tíma, þá fer lesandinn alveg inn í þessa konu og upplifir þessar blendnu tilfinningar. Það er að segja, að upplifa þessa ást sem hennar nánustu veita henni, og um leið reiðina.

Aðalsteinn:

Við skulum fá kafla úr bókinni. Katla Margrét gefur okkur sýnishorn.

[Katla Margrét les úr *Ljósu*.:]

Pegar ég er að sauma les Þorgerður fyrir mig. Mér finnst mest gaman að hlusta á ljóð eða skáldsögur en hún les líka fréttirnar úr blöðunum. Á nýjasta blaðinu stóð apríl 1932. Þá á ég stórafmæli eftir tvö ár. Bara að mér verði nú batnað.

Þorgerður les bæði hátt og greinilega. Ég segi henni hvað hún sé dugleg og hún roðnar af gleði.

- Hefur enginn sagt þér þetta áður? spyr ég en hún hristir bara höfuðið.

- Kennarinn í skólanum ætti að gera það.

- Ég er ekkert viss um að ég lesi svona vel þar.

- Hvers vegna ekki?

- Æ, mér finnst óþægilegt að lesa fyrir krakkana og ég flýti mér bara segir hún. Það er ekkert fallegt.

- Stattu nú upp og lestu kvæðið um Óhræsið eftir Jónas, segi ég og brosi. Nei, réttu úr þér. Stattu bein, hinum megin í stofunni. Lestu svo hátt og skýrt!

Hún les hægt í fyrstu en sækir svo í sig veðrið. Ég heyri að hún kann ljóðið utan að, lítur varla í bókina. Þegar hún er búin klappa ég. Svo kenni ég henni að hneigja sig eins og leikkonurnar í Iðnaðarmannafélagshúsinu gerðu. Þá skellihlær hún og hneigir sig aftur og aftur.

- Kannski verðurðu leikkona! Og nú verð ég að segja henni frá sjónleikjunum. Oft hlustar Anna líka en hún vill ekki lesa upphátt. Einu sinni spurði ég Jón hvort hann vildi sitja með okkur. Hann svaraði engu. Fór bara út og skellti á eftir sér.

- Farðu frá, segir hann hvass. Ég er að snúast í eldhúsinu en hann að bera inn vatnið. Vertu ekki alltaf að þvælast fyrir.

Ég horfi á Jón rogast með þungar skjólurnar. Hann er ekki hár í lofti, þreklegur og kannski kraftmestur af öllum krökkunum en um leið hrjúfastur. Ég held áfram mínu striki en gæti mín.

- Vertu ekki alltaf að þvælast fyrir! Hann er kominn með meira vatn. Ég fer inn í stofu, sest niður við orgelið og byrja að spila. Þegar hann lætur svona er best að forðast hann. En hann kemur á eftir mér.

- Þarftu að spila svona hátt? spyr hann afundinn.

- Eigum við að syngja saman?

- Syngja? fussar hann.

- Veistu að pápi gaf mér þetta orgel. Og þú átt að eiga það, segi ég og reyni að láta ekki á neinu bera.

- Þá ætla ég að brenna það, segir hann og rýkur út en kallar aftur fyrir sig: Þú ert hvort sem er búin að mölva lokið og eyðileggja það.

Ég sit eftir og berst við tárin. Svo herði ég mig upp og spila áfram.

- Vertu ekki alltaf svona vondur við mömmu. Hún er að sauma á þig fót fyrir hvítasunnuna, heyri ég Þorgerði segja skömmu seinna. Þau eru frammi í eldhúsi. Muldrið í honum er of lágt til að ég heyri svarið en stuttu seinna verð ég vör við hann í stofunni. Hann gjóar til mín augunum en segir ekki neitt og ég læt sem ég sjái hann ekki. Það er erfitt að sauma dökkt efni þegar birtan er ekki meiri og ég er lengur en áður. Mér finnst sjónin hafa versnað verulega. Ég reyni samt alltaf að sitja bein við saumana eins og okkur var kennt í Kvennaskólanum.

Jón gefur mér auga en fer svo út og í þetta sinn án þess að skella hurðum. Næstu daga verð ég vör við að hann fylgist með. Hvað skyldi hann vera að hugsa?

- Ætlaðu að máta þessar buxur? spyr ég hann einn daginn. Hann horfir á þær og ég á alveg eins von á því að hann rjúki út en svo tekur hann buxurnar, skoðar þær og klæðir sig í.

- Mér sýnist þær passa nokkuð vel, segi ég ánægð.

- Þær eru alltof síðar!

- Já, ég á eftir að leggja inn af þeim, svara ég. Komdu hérna

og leyfðu mér að taka síddina. Ég beygi mig niður og nostra við buxurnar. Finnst gott að gera eitthvað fyrir hann. Vona að hann rjúki ekki í burtu með látum.

Hann stendur grafkyrr. Þegar síddin er komin og hann má fara úr buxunum segir hann:

- Þær eru fallegar.

Hann segir þetta mjög lágt en ég heyri það samt og það fer um mig hlýr straumur. Ég bendi á ljóst efni á borðinu og spyr hvort ég eigi kannski að sauma á hann skyrtu líka.

Hann svarar engu en kinkar kalli og nú brosir hann.

- Leyfðu mér þá að mæla þig, segi ég og er bara hæfilega hlýleg, held það sé betra þannig. Verð samt að stilla mig. Langar mest að strjúka honum hlýtt um vangann. Ég sveifla málbandinu og skrifa málin hjá mér. Á meðan stendur hann eins og brúða.

- Svona, nú máttu fara, segi ég en bið þess að hann verði kyrr. Hann þuklar skyrtuefnið með báðum höndum og segir ekki neitt. Ég vona að enginn komi æðandi, vona að við verðum sem lengst bara tvö ein í stofunni.

- Þakka þér fyrir, mamma, hvíslar hann ofurlágt en ég heyri það samt. Svo tekur hann á rás og er horfinn út um dyrnar. Ég raula og brosi og byrja að stytta buxurnar.

Næstu daga held ég áfram með saumaskapinn. Buxurnar eru tilbúnar, stífpessaðar hanga þær á herðatré við hliðina á ljósum kjól og bíða hvítasunnunnar. Jón hringsólar í kringum mig heldur glaðlegri en fyrr. Ég held áfram með skyrtuna og fer að huga að efni í jakka líka.

En svefnleysið magnast og draumarnir verða sífellt ruglaðri. Þá er hann þarna aftur, fuglinn! Og það er kominn í hann óróleiki.

Aðalsteinn:

Já, þær eru margar, sterkar kvenpersónur sem koma fram í bókum þínum. En svo eru það karlarnir. Margir velta því fyrir sér hvornig þeir séu nú! Það er algengt að þeir séu soldið lausir í rásinni, eins og til dæmis Pápi í þessari bók, sem er mikill kvennamaður og heldur jafnvel við álfkonu. Hefurðu einhverja skýringu á því af hverju karlarnir eru þessu marki brenndir, margir hverjir? Þeir eru svona óáreiðanlegir, margir.

Kristín:

Það eru nú innanum og samanvið einn og einn almennilegur maður, er það ekki? Ég sæki ákveðna drætti í Pápa í langafa minn og hann náttúrlega hélt við álfkonu, eða svo segir sagan, og það varð nú bara að fá að vera svoleiðis! En kannski var það að hluta til síldin og sá heimur sem við lifðum í þar. Það var síld hjá okkur á hverju einasta sumri og stundum mikil og stundum lítil. Þar með er ég ekki að segja að karlmennirnir á Seyðisfirði hafi upp til hópa verið einhverjir lausalopar en það var ákveðinn lausalopangangur á mörgum karlmönnum þar, eins og var kannski oft í vertíðarplássum, ímynda ég mér.

En hvernig skyldi nú standa á því að þeir verða alltaf ofan á í umræðunni? Það er mjög algengt að þeir sem áttu ýmislegt til, þeir einhvern veginn markeruðu sig sterkar heldur en Jón Jónsson sem stóð sig með þrýði með öll sín börn og fór heim klukkan fimm og allt þetta. Kannski hefur þetta eitthvað með tíðarandann að gera. Ég vil ekki meina að ég sé markvisst að reyna að gera lítið úr karlmönnum, alls ekki, því að margir eru náttúrlega alls ekki svona. En ef við tökum til dæmis *Síldina*, leikritið, þá eru þar náttúrlega gegnumgangandi þessir kallar sem þú ert að tala um.

Katrín:

En þetta hefur líka svo mikil áhrif á konurnar. Þetta setur svip sinn á þeirra tilvist.

Kristín:

Það setur mikinn svip á þeirra tilvist og þessir karlmenn, þetta voru náttúrlega sjarmörar þess tíma. Eins og í *Síldinni*, þessir sem voru flottastir, það voru hálfgerðir gallagripir! Þannig að ég held það sé ekki alveg veruleikafirrt að ég er með þá svona.

Sigrún:

Svo þegar einn stendur við sitt og gengst við barninu og trúlofast stúlkunni þá verður hún alveg steinhlessa!

Kristín:

Já, algjörlega! Og ég held að þetta sé að hluta til umhverfið og tíminn. Ef ég væri að skrifa bók í dag, sem ég er að gera, þá er ekki endilega

víst að karlarnir séu eintómir lausalopar!

Aðalsteinn:

Og auðvitað, eins og þú segir, þetta er ekki einhlítt. Margir lesendur hafa til dæmis vorkennt eiginmanni Ljósu.

Katrín:

Þarftu ekki bara að skrifa aðra bók um hann?

Kristín:

Ég hef fengið þá spurningu: Hvenær kemur bókin um Vigfús? Og ég hef sagt: Hún kemur ekki því það stendur ekki til. En mér finnst samt að Vigfús komi mjög sterkur út, hann vinnur á. Maður er reiður við hann til að byrja með, hvað hann er mikill durtur eitthvað. En svo, eftir því sem líður á bókina, þá sér maður betur hvað hann er í rauninni konu sinni góður og er alveg dauðþreyttur og kúguppgefinn, staðuppgefinn á öllu saman en hann sendir hana samt ekki á Klepp. Hann lætur hana vera heima. Ég get ekki séð hann öðruvísi en góða manninn, tvímælalaust.

Hverju býttar það?

Aðalsteinn:

Tvímælalaust. En víkjum nú frá *Ljósu* og yfir í nýjustu bókina, *Bjarna-Dísu*. Þar ertu með enn eina sterka kvenpersónu og þar ferðu lengra aftur í tímann og ferð aftur austur, að sjálfsögðu!

Kristín:

Já, þar er ég aftur komin heim.

Aðalsteinn:

En þar er þér líka ofarlega í huga stéttabaráttan og stéttamunurinn á þeim tíma.

Kristín:

Já, það er alveg berandi element í þessari bók, það er stéttamunurinn. Þetta er sagan um hana Bjarna-Dísu sem ég heyrði sem krakki austur

á Seyðisfirði. Það fór svo í taugarnar á mér hvernig var talað um hana. Hún var alltaf gerð að svo miklum hálfvita. Það fer engin manneskja með fullu viti, léttklædd, í léreftsskyrtu, upp á heiði að vetrarlagi í kafaldssnjó og bara hugsandi um útlitið!

Ég var mjög lítil þegar þetta fór að fara í taugarnar á mér. Allar þjóðsögurnar voru þannig. Það voru herrarnir Sigfús sagna og Jón Árnason og þessir sem voru að skrifa um þetta og það fór í taugarnar á mér. Ég fór að grafast fyrir um þetta og komst náttúrulega að öðru. Hún hafði ekki farið vanbúin af stað, hún var bara sett í þessar aðstæður. Það fór í taugarnar á mér og mig langaði til þess að réttlæta þessa stúlku einhvern veginn og ekki bara hana heldur allar stúlkur sem lentu í sambærilegu. Og þegar ég fór að lesa mér meira til þá sá ég náttúrulega að líf vinnumannanna var ekki dans á rósum heldur; þetta var afskaplega hart líf og erfitt.

Þessi bók, *Bjarna-Dísa*, hefði getað orðið miklu átakanlegri ef ég hefði ekki bara ákveðið að reyna að halda sjó. Maður var að lesa sögurnar um það hvernig meðferðin var á börnum á þessum tíma. Systkinahópum var skipt upp út af heimilisaðstæðum, þetta er sko þyngra en tárur taki. Og svo varð þetta fólk fullorðið og hún var vinnukona og hann var vinnumaður og við hvað bjuggu þau? Og mig langaði bara til að varpa ljósi á þetta og það gerðist náttúrulega í raunalegu samhengi en það kom líka margt annað inn í því Dísa átti svo sannarlega líka sína góðu daga. Og kunni að njóta lífsins á sinn hátt.

Katrín:

En þetta er svo áhugavert því þú ert eiginlega að taka tvo vinkla, það er að segja ólíka stöðu kynjanna og mismunun á stéttunum. Og það má eiginlega segja að stúlkan hafi ekki bara verið gerð að hálfvita heldur hafi hún hreinlega verið demóniseruð því hún var tengd við draugagang og gerð að hálfgerðri forynju og ófreskju. Það sem er svo áhugavert að horfa á er hvernig konur af lágstétt hafa verið teiknaðar upp sem einhver skrímsli, í raun og veru. Það er kannski sú ímynd sem þú ert að reyna að brjóta niður, með því að sýna okkur inn í hennar huga.

Kristín:

Já, akkúrat. Og það reyndi ég að gera og það reis hæst í endanum.

En ég ætla ekkert að vera að segja frá því hérna því mig langar að þeir, sem ekki hafa lesið *Dísu*, að þeir bara lesi hana núna! En það voru hlutir látnir viðgangast sem vörðuðu lög og það var ekkert gert í því. Ein vinnukonusnift, hverju býttar það? Og það var þetta sem mig langaði svo til að varpa ljósi á. Og þetta er bara ein saga af fjölmörgum sem mætti taka.

Sigrún:

Þetta er 18. öldin, þessi erfiða öld. Það er svona áhugaverð mótsögn því á þessum tíma var upplýsingaöldin aðeins farin að teygja sig inn til Íslands. En það var náttúrulega gríðarleg örbirgð og þó að embættismenn og þess háttar fólk ætti fyrir mat þá voru margir sem áttu ekkert endilega nóg fyrir sig að leggja. Og þetta er gríðarlega pólitísk saga sem sýnir hvernig ójöfnuðurinn kallaði á meiri ójöfnuð.

Katrín:

Og hvað hún sjálf, Bjarna-Dísa, er meðvituð um það þegar hún situr sjálf grafin í fönn og fær sig varla til að taka bita af hangilærinu sem er verið að flytja fyrir yfirstéttina. Hún varla fær sig til að bjarga lífi sínu þannig. En nú erum við kannski farin að segja of mikið?

Kristín:

Nei, allt í lagi, ég held þau lesi bókina hvort sem er! En mér þykir svo vænt um að heyra ykkur segja að þetta sé pólitísk saga því þetta langaði mig svo til að gera. Þetta er þarna eftir Móðuharðindin, því Dísa deyr 1797 og 1783 eru Móðuharðindin. Þetta eru þessi erfiðu ár og það eru svo margir sem deyja og það er bara sterkasta fólkið sem lifir af. Þannig að þessi systkini hafa lifað af mjög vandan tíma til þess svo að enda á þennan hátt. Ég verð bara svo reið!

En svo var nú einhver sem fann mér það til foráttu að ég stæði alltof mikið með *Dísu*. Það var einhver gagnrýnandinn, einhver mannvitsbrekkan. En ég spyr bara salinn: Hvernig er hægt annað en að standa með einhverjum sem hefur lent í svona? Af því ég reyni að teikna þetta raunverulega upp með því að nota heimildir. Ég er ekki að búa til eitthvað þó að auðvitað leggi maður alltaf eitthvað í. En ég hef ekki hugmyndaflug til að búa til örbirgð og ójöfnuð eins og heimildirnar sýna að hafi verið til.


Aðalsteinn:

Nú hleypur tíminn frá okkur, því miður. Við gætum talað miklu lengur en núna vitum við til dæmis að þú byrjaðir að skrifa þegar þú varst 11 ára. Það skýrir mjög margt að þú ert búin að vera að skrifa miklu lengur heldur en nokkurn grunaði. Og við höfum líka fengið að vita það að þú ert lengi að vinna í verkunum þínum og að þau eiga sér alltaf langan aðdraganda.

Ég ætla að biðja hana Kötlu Margréti að setja sig í stellingar fyrir lokaatriði dagsins. Ég þakka þér, Kristín, fyrir að hafa svarað greiðlega okkar fyrirspurnum og vera hérna með okkur. Ég þakka ykkur meðspyrnum og svo ykkur áhorfendur góðir, fyrir komuna. Það verður boðið upp á veitingar að lokinni dagskrá hér frammi.

Ritstjórn | Inga Sigrún Þórarinsdóttir
Umbrot og hönnun | Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun | RÚV
Prentun | Prentmet
Útgefandi | Borgarbókasafn Reykjavíkur

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



BORGARBÓKASAFNIÐ | MENNINGARHÚS GERÐUBERGI